

Norðurþing
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Ketilsbraut 7-9
640 Húsavík

| |
|----------------------|
| Umhverfisstofnun |
| Áb. _____ |
| 16. nóv. 2017 |
| Tilv. _____ |

Reykjavík 16. nóvember 2017
UST201705-254/S.I.
08.04

Umsókn Skeljungs hf. um olíubirgðastöð á Raufarhöfn


Vísað er til umsóknar Skeljungs hf. til Umhverfisstofnunar um starfsleyfi fyrir olíubirgðastöð við Hafnarbraut á Síldarverksmiðjulóð á Raufarhöfn. Sækja þarf um nýtt starfsleyfi fyrir stöðina þar sem núverandi starfsleyfi rennur út 31. janúar 2018.

Ekki er verið að breyta neinum sérstökum þáttum í starfseminni. Umfang starfseminnar sem sótt er um er að heildarrýmið stöðvarinnar er 2.213 m³ og þar af eru 1.140 m³ í stærsta geymi sem er undir skipaðísilólú.

Í umsókninni kom fram að ekki liggur fyrir deiliskipulag fyrir svæðið. Samkvæmt grein 16.1 í reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, ber útgefanda starfsleyfis að leita umsagnar skipulagsfulltrúa og byggingarfulltrúa viðkomandi sveitarfélags þegar þannig stendur á að sótt sé um starfsleyfi og ekki er til staðar deiliskipulag. Efni umsagnarinnar skal snúa að því hvort starfsemin samræmist aðalskipulagi varðandi landnotkun og byggðaþróun og sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

Óskað er eftir umsögn skipulags- og byggingarfulltrúa um hvort starfsemin samræmist aðalskipulagi varðandi landnotkun og byggðaþróun og sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar. Vakin er athygli á að þessar upplýsingar varða skilyrði rekstrar sem þarf að uppfylla svo veita megi starfsleyfið samkvæmt umsókn. Heimilt er að fenginni umsögn að veita starfsleyfi en ekki þó lengur en til fjögurra ára.

Virðingarfyllst



Agnar Bragi Bragason
Teymisstjóri



Sigurður Ingason
Sérfræðingur

Afrit:
Haukur Einarsson
Mannvit hf.